



Vogar

INNKAUPAREGLUR SVEITARFÉLAGSINS VOGA

1. gr.

Tilgangur

Reglur þessar eru til að stuðla að vönduðum og hagkvæmum innkaupum og til að tryggja gæði vöru, þjónustu og verka.

2. gr.

Gildissvið

Reglur þessar gilda fyrir allar stofnanir, svið og deildir sem rekin eru á vegum Sveitarfélagsins Voga.

3. gr.

Lög og reglur um innkaup

Innkaupareglum skal fylgt við öll innkaup, sem og lögum um opinber innkaup nr. 84/2007 og lögum um framkvæmd útboða nr. 65/1993. Við innkaup skal taka mið af EES reglum þegar það á við.

4. gr.

Innkaup

Með hugtakinu innkaup er átt við kaup á hvers kyns aðföngum, þ.e. kaup á þjónustu, vörum og verklegum framkvæmdum.

5. gr.

Innkaupaaðferðir

Við innkaup Sveitarfélagsins Voga skulu eftirfarandi innkaupaaðferðir notaðar:

- Útboð, opið eða lokað, og samningur/pöntun í kjölfarið.
- Fyrirspurn og samningur/pöntun í kjölfarið.
- Samningur eða pöntun án undangengins útboðs eða fyrirspurnar.
- Innkaup samkvæmt rammasamningi.

Við innkaup Sveitarfélagsins Voga er einnig heimilt, þar sem við getur átt, að beita eftirtöldum aðferðum:

- Samningskaupum að undangenginni birtingu útboðsauglýsingar.
- Samningskaupum án undangenginnar birtingar útboðsauglýsingar.
- Samningskaupum vegna hönnunarsamkeppni.

6. gr.

Umsjón og ábyrgð á innkaupum

Ábyrgð á innkaupum er á hendi viðkomandi forstöðumanns /deildarstjóra.

Bæjarstjóri veitir stofnunum sveitarfélagsins ráðgjöf og aðstoð um tilhögun innkaupa, eftir þörfum.

7. gr.

Mat og skipting á innkaupum

Við mat á ætlaðri fjárhæð samnings skal telja með allan kostnað innkaupa miðað við þann tíma þegar auglýsing um innkaupin birtist. Sé fyrirhugað að kaupa vöru, þjónustu eða verk í áföngum skal miða við samanlagt heildarverð allra áfanga sem boðið er út.



Vogar

Óheimilt er að gera ótímabundna samninga.

Óheimilt er að skipta innkaupum niður með einum eða öðrum hætti til að lækka fjárhæð, eða áætlaða fjárhæð, innkaupa í þeim tilgangi að komast hjá útboði/verðfyrirspurn. Þannig er t.a.m. óheimilt að skipta innkaupum milli tímabila og skipta eða láta skipta reikningum frá seljendum niður í smærri einingar.

Heimilt er að skipta innkaupum niður í einingar eða áfanga í því markmiði að bjóða hverja einingu eða áfanga út. Einnig er heimilt að semja um viðbótarverk eða viðbótaráfanga á grundvelli fyrra útboðs.

8. gr.

Útboð

Undir hugtakið útboð falla heiti þar sem lýst er því sem boðið er út, eins og þjónustuútboð, verkútboð, vöruútboð, en einnig heiti eins og alútboð, samkeppni, hönnunarsamkeppni, tveggja áfanga keppni og útboð með tveggja umslaga kerfi. Forval er hluti útboðsferils.

9. gr.

Hvenær útboð skal viðhaft

Útboð skal að jafnaði viðhaft við innkaup, að svo miklu leyti sem unnt er og hagkvæmt þykir.

Þegar áætluð samningsfjárhæð verklegar framkvæmdar er yfir 20 mkr. skal útboð viðhaft. Ef áætluð fjárhæð kaupa á þjónustu fer yfir 7 mkr. skal viðhafa útboð. Ef áætluð fjárhæð vegna vörukaupa fer yfir 10 mkr. skal sömuleiðis viðhafa útboð. Allar tölur eru án virðisaukaskatts. Framangreindar fjárhæðir skulu breytast með hliðsjón af byggingarvísitölu við gildistöku reglna þessara.

10. gr.

Opið útboð

Opið útboð skal að jafnaði viðhaft þegar um er að ræða kaup á verki eða þjónustu sem margir geta framkvæmt eða veitt, eða vöru sem margir selja eða geta útvegað.

11. gr.

Lokað útboð með eða án forvals

Heimilt er að viðhafa lokað útboð ef raunhæfur samanburður næst og það þykir hagkvæmur kostur.

Þegar um er að ræða vandasöm, faglega og/eða tímalega krefjandi og/eða fjárfrek verk er heimilt að gera áskilnað um að væntanlegir bjóðendur hafi bæði faglega og fjárhagslega getu til að framkvæma viðkomandi verk.

12. gr.

Forval

Þegar forval er viðhaft til að velja þátttakendur í lokuðu útboði, samkeppni eða samningskaupum, skal þess krafist í forvalsgögnum að umsækjendur leggi fram upplýsingar sem sýna getu þeirra til að taka að sér verkefnið. Þannig skal í forvalsgögnum koma fram með skýrum og greinargóðum hætti hvaða gagna eða upplýsinga er krafist frá umsækjendum og hvernig verði staðið að vali á þátttakendum. Hægt er að takmarka fjölda þátttakenda í útboði, samkeppni eða samningskaupum, t.d. þannig að í forvalsgögnum komi fram að aðeins umsækjendur sem uppfylla tilteknar lágmarkskröfur fái að taka þátt í því eða að aðeins tiltekinn fjöldi fái þátttökurétt.



Vogar

13. gr.

Auglýsing útboða

Útboð skulu auglýst og skal í auglýsingu koma fram hvar og hvenær útboðsgögn eru til afhendingar, hver kaupandi er, hvað boðið er út, hvar og hvenær skuli skila inn tilboði, hvar og hvenær þau eru opnuð, skilafélagi þess sem verið er að bjóða út og hvort skilafélagið sé krafist.

Við lokað útboð skal senda orðsendingu um útboðið til þeirra sem kaupandi gefur kost á að gera tilboð. Í orðsendingunni skal koma fram, auk þess sem tilgreint er í 1. mgr., hvaða aðilum er gefinn kostur á að gera tilboð.

14. gr.

Útboðsgögn

Útboðsgögn skulu innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar svo unnt sé að gera tilboð. Frestur til að skila tilboði skal alltaf vera hæfilegur miðað við umfang þess sem boðið er út.

Í útboðsgögnum skal skýrt koma fram hvernig tilboð verði metin og hvaða forsendur verði lagðar til grundvallar vali á samningsaðila. Í verkútboðum skal leitast við að nota samræmda útboðs og verklýsingu.

15. gr.

Fyrirspurnir

Fyrirspurn er viðhöfð, þegar útboð er ekki talið eiga við, til að afla tilboða frá tilteknum aðilum sem taldir eru geta útvegað vöru, veitt þjónustu eða framkvæmt verk, sem óskað er eftir hverju sinni. Þrátt fyrir að fyrirspurnir séu óformlegri en útboð, samkvæmt þeim lögum sem um þau gilda, skal tilboða aflað á grundvelli skriflegra fyrirspurnargagna og tilboð skulu einnig vera skrifleg. Sveitarfélaginu er heimilt að senda út fyrirspurnir og taka við tilboðum í fyrirspurnir með símbrefi og/eða tölvupósti. Málsmeðferð öll skal vera vönduð, fyrirspurnargögn skulu vera skýr og greinargóð og skýrt skal koma fram ef meta á tilboð á öðrum forsendum en verði einu saman.

Tilboð skulu opnuð á tilsettum tíma og þau skráð. Samanburðarskrá tilboða skal gerð og þátttakendur skulu upplýstir um val á tilboði.

Heimilt er, undir sérstökum kringumstæðum að afla skiflegs tilboðs frá einum seljanda. Þessar kringumstæður geta m.a. verið þær að annar seljandi sé ekki þekktur og/eða verð séu kunn.

16. gr.

Mat og val á tilboðum/samningsaðilum

Ætíð skal taka því tilboði sem hagkvæmast er miðað við kröfur í útboðslýsingu, lögum og reglum. Ef hagstæðasta tilboð er ekki jafnframt lægsta tilboð skal það rökstutt sérstaklega.

Í útboðsgögnum skal tilgreina forsendur fyrir vali tilboðs með eins nákvæmum hætti og framast er unnt. Í forsendum má ekki vísa til annarra atriða en staðreynd verða á grundvelli gagna sem bjóðendur leggja fram eða með öðrum hlutlægum hætti. Ef meta skal tilboða á grundvelli fleiri forsendna en verðs skal tiltekið hverjar þær forsendur eru í útboði og þeim raðað eftir mikilvægi ef mögulegt er. Við mat á hagkvæmni tilboðs skal tekið tillit til öryggis, heilbrigðis, gæða- og umhverfissjónarmiða.

17. gr.

Fjárhagsstaða bjóðenda/viðsemjenda

Ef eftirfarandi atriði eiga við má ekki gera samning við bjóðanda/viðsemjanda:



Vogar

- i. Sætir nauðasamningum eða er undir gjaldþrotaskiptum.
- ii. Er í vanskilum með opinber gjöld eða lögbundin iðgjöld starfsmanna.
- iii. Skortir fjárhagslega- og tæknilega getu til að framkvæma samninginn.

Sé þess krafist er tilboðsgjafa skylt að sýna fram á regluleg bankaviðskipti og/eða tryggingu vegna samningsefnda. Heimilt er að kanna fjárhagsstöðu bjóðenda á vanskilakrá.

Þegar áætluð samningsfjárhæð, vegna verk – og þjónustusamninga, er 10 mkr. eða hærri er óheimilt að gera samning við aðila, ef ársreikningur sýnir neikvæða eiginfjárstöðu, enda liggi frekari skýringar ekki fyrir. Þá er heimilt að gera kröfur um jákvæða eiginfjárstöðu tilboðsgjafa í forvölum og lokuðum útboðum þótt samningsfjárhæð sé lægri en að framan greinir.

Óheimilt er að greiða viðsemjanda vegna verks eða þjónustu fyrr en fullnægjandi samningsefndatrygging liggur fyrir og samningur er frágenginn.

Sé kennitala bjóðanda yngri en 5 ára skal kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda. Leiði sú könnun í ljós nýlegt greiðslu- eða gjaldþrot sbr. 28. gr. laga um opinber innkaup (gjaldþrot, nauðasamninga, greiðslustöðvun ofl.) ber að vísa bjóðanda frá, enda eigi í hlut öldungis sams konar rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur, í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.

18. gr.

Hæfis- og siðareglur

Enginn starfsmaður Sveitarfélagsins Voga eða fulltrúi í nefnd, ráði eða stjórn á vegum sveitarfélagsins má eiga aðild að ákvörðunum um innkaup, sem varða aðila sem þeir eru náskyldir eða í hagsmunatengslum við. Ber starfsmanni eða nefndarfulltrúa að hafa frumkvæði að því að gera viðvart um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans.

19. gr.

Trúnaðarskylda.

Allir starfsmenn er koma að innkaupum og innkaupamálum skulu gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara.

20 gr.

Gildistaka

Innkaupareglur þessar öðluðust gildi við samþykkt bæjarstjórnar þann 4. mars 2008.